

Framlög til stjórnmalasamtaka

Skipting atkvæða í Alþingiskosningum 2009 - Upplýsingar frá Hagstofu Íslands

2009		Greiðslur per ár								
Greidd atkvæði alls	Total number of votes cast	2010	2011	2012	2013	Samtals				
Gild atkvæði alls	Valid votes	187.183								
Auðir seðlar	Blank ballots	6.226								
Ógildir seðlar	Void ballots	569								
Gild atkvæði alls	Valid votes	187.183								
Framsóknarflokkur	Progressive Party	27.699	14,8%	27.699	15,2%	50.928.474	46.315.223	44.929.724	44.138.011	186.311.433
Sjálfstæðisflokkur	Independence Party	44.371	23,7%	44.371	24,4%	81.582.272	74.192.308	71.972.880	70.704.635	298.452.095
Frjálslyndi flokkurinn	The Liberal Party	4.148	2,2%							
Borgarahreyfingin – þjóðin á þing	The Civic Movement	13.519	7,2%	13.519	7,4%	24.856.567	22.604.985	21.928.768	21.542.358	90.932.678
Lýðræðishreyfingin	The Democratic Movement	1.107	0,6%							
Samfylkingin	The Social Democratic Alliance	55.758	29,8%	55.758	30,6%	102.518.859	93.232.397	90.443.394	88.849.678	375.044.329
Vinstrihreyfingin – grænt framboð	The Left-Green Movement	40.581	21,7%	40.581	22,3%	74.613.828	67.855.087	65.825.234	64.665.318	272.959.466
				181.928	100,0%	334.500.000	304.200.000	295.100.000	289.900.000	1.223.700.000

Lög um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra 2006/162

II. kafli. Framlög ríkis og sveitarfélaga til stjórnmalastarfsemi

3. gr. Framlög til stjórnmalasamtaka úr ríkissjóði.

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi stjórnmalasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi eða hlotið hafa a.m.k. 2,5% atkvæða í næstliðnum alþingiskosningum samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni.

Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

4. gr. Framlög til þingflokka úr ríkissjóði.

Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi þingflokka á Alþingi samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni.

Greiða skal jafna fjárhæð fyrir hvern þingmann og nefnist hún eining. Að auki skal greiða eina einingu fyrir hvern þingflokk.

Því til viðbótar skal úthluta fjárhæð sem svarar tólf einingum til þingflokka þeirra stjórnmalasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn og skiptast þær einingar hlutfallslega milli þeirra. Forsætisnefnd Alþingis getur sett nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

5. gr. Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.

Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmalasamtökum,

sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum,

fjárframlög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar.

Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.